

## BÓKMENNTIR VESTUR-ÍSLENDINGA

Bókmenntir og sögur Vestur-Íslendinga verða í brennidepli í apríl.

Menningarstarf hefur skipað stóran sess í Þjóðarsálinni, bæði hér heima og erlendis. Markmiðið er gjarnan að halda vörð um íslenska tungu, menningu og hefðir, öllum til fróðleiks og skemmtunar.

Fjölmargir Íslendingar settust að í Winnipeg og á Nýja Íslandi í Kanada á tímum vesturferða (1870-1930) og tókst því að halda úti verulegri bóka- og blaðaútgáfu. Þannig var móðurmálinu haldið við, fréttir fluttar, skipst á skoðunum og tengslin styrkt.

Sögulegar heimildir frá þessum tíma má finna í skrifum vestur-íslensku skáldanna, sem fjölluðu mörg hver um örlög og reynslu íslenskra innflytjenda og landnám í vesturheimi.

Nokkrir áhrifamestu rithöfundar Vestur-Íslendinga:

- **Stephan G. Stephansson** (1853-1927), var róttækur í skrifum og umdeildur af samtímamönnum
- **Margrét J. Benedictsson** (1866-1956), var kvenskörungur mikill sem barðist fyrir jafnrétti og leiddi baráttu fyrir kosningarétti kvenna
- **Laura Goodman Salverson** (1890-1970), varð fyrst til að skrifa á ensku um reynslu innflytjenda
- **William D. Valgardson** (1939), hefur skrifað bækur fyrir bæði börn og fullorðna, leikrit fyrir útvarp og sjónvarp, og einnig hafa nokkrar kvikmyndir verið gerðar eftir bókum hans sem sýndar hafa verið um allan heim
- **David Arnason** (1940) hefur skrifað fjölda bóka, starfar sem ritstjóri fyrir ýmsar útgáfur og kanadíska ríkisútvarpið, er bóka- og leikritagagnrýnandi, og kennir við íslensku- og enskudeild háskólans í Manitoba
- **Kristjana Gunnars** (1948), er verðlaunaskáld, rithöfundur, ritstjóri og þýðandi

Þess má geta að bókasafnið í Manitobaháskóla er með íslenskudeild innan safnsins en deildin er önnur stærsta í Norður-Ameríku.